

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Borgarbyggð.

Fjóluklettur 9-11, breyting á deiliskipulagi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Borgarbyggðar, á fundi sínum þann 12. ágúst 2021, breytingu á deiliskipulagi fyrir Bjargsland II, svæði 1 vegna lóðanna Fjóluklettur 9 og Fjóluklettur 11. Í breytingunni felst að núverandi parhúsalóðir verði að þremur raðhúsalóðum og heimilt verði að reisa hús á einni til tveimur hæðum í stað tveggja hæða.

Skipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Stóri-Árás vestan 1, breyting á deiliskipulagi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Borgarbyggðar, á fundi sínum þann 12. ágúst 2021, breytingu á deiliskipulagi fyrir frístundabyggð að Jarðlangsstöðum vegna lóðarinnar Stóri-Árás vestan 1. Á lóðinni er heimilt að reisa eitt hús og eina geymslu innan byggingarreits. Í breytingunni er einnig heimilt að reisa eitt gestahús innan byggingarreits.

Skipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Brekkubyggð, breyting á deiliskipulagi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti byggðarráð Borgarbyggðar, á fundi sínum þann 22. júlí 2021, breytingu á deiliskipulagi fyrir frístundabyggð að Bjarnastöðum í Hvítársíðu. Í breytingunni felst aukning á byggingarmagni hverrar lóðar og á hæðarkóta mannvirkja.

Skipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Borgarbyggð, 16. ágúst 2021.

Drífa Gústafsdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 31. ágúst 2021